

Starfsleyfi

fyrir vatnsveitu í Borgarnesi og nágrenni

Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, hefur í dag hlotið starfsleyfi til að reka vatnsveitu í Borgarnesi og nágrenni, í samræmi við fyrirliggjandi starfsleyfisskilyrði og greinargerð. Starfsleyfið gildir fyrir vatnsból á Háumelum og Seleyri, lagnir frá þeim og miðlunartanka. Þá gildir starfsleyfið fyrir innra eftirlit fyrirtækisins byggt á HACCP sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994. Forsvarsmaður: Hólmsteinn Sigurðsson

1. Almenn ákvæði

Starfsleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um meðferð matvæla.
- b) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um almennt hreinlæti og innra eftirlit sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- c) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um athafnasvæði matvælafyrirtækja eftir því sem við á.
- d) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um búnað, tæki, áhöld og innréttingar.
- e) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 og 737/2003 vegna úrgangs sem til fellur.
- f) Fyrirtækið skal gæta ákvæða 5. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 vegna heilsu starfsmanna.
- g) Gæði neysluvatns skulu ávallt uppfylla ákvæði neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001.
- h) Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk hjá forsvarsmanni.
- i) Forsvarsmaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- j) Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi.
- k) Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 þar um og reglum settum samkvæmt þeim.
- l) Framsal starfsleyfis er óheimilt.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sýnatökur og reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

3. Gildistaka.

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 og 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla með síðari breytingum, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir, öðlast þegar gildi og gildir til 15. nóvember 2014.

Borgarnesi, 15. nóvember 2004.

